# Námsáætlun fyrir textílmennt - 5. bekkur
# skólaárið 2022 – 2023

**Kennari:** Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | -beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar<br><br>-fjallað um efnisfærði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum<br><br>-unnið með einföld snið og uppskriftir | Vélsaumur – endurvinnsluverkefni þar sem nemendur sauma og hanna húfu úr hettupeysu.<br><br>Blóma útsaumsmynd - nemendur læra útsaumssporin aftursting, lykkjuspor, greinaspor og leggsaum. Saumað er út í java með perlugarni.<br><br>Tóvinna - nemendur fá kynningu á tóvinnu.<br><br>Þráða og prjónaverkefni -nemendur læra slétt prjón og að vinna með þræði á fjölbreyttan hátt. | Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda.<br><br>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.<br><br>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð. |
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | -þróað eigin hugmyndir í textílverk<br><br>-notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textílefna<br><br>-nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu | Verkefnið húfa úr hettupeysu.<br><br>Útsaumsmynd – nemendur vinna með litaval og skreyta með tölum.<br><br>Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu. Nemendur horfa á mynd af youtube um íslensku ullina og tóvinnu. Bækur um prjón nýttar í prjónaverkefni. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

<table>
<tr><td>Menning og umhverfi</td><td>-fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni<br><br>-gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum</td><td>Nemendur læra um íslensku ullina, helstu eiginleika hennar og þýðingu ullarinnar fyrir íslensku þjóðina í gegnum tíðina<br><br>Endurvinnsluverkefni úr hettupeysum.</td><td>Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Áhrif textíls á umhverfi okkar og í sögulegu samhengi.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Námsgögn:<br>Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</td></tr>
</table>